

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 131/2008

frá 5. desember 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 747/2008 frá 30. júlí 2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarféлага að því er varðar skilgreiningar á könnunaratríðum og framkvæmd atvinnugreinaflokkunar Evrópu-bandalaganna, 2. endursk. ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 19x (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 R 0747**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 747/2008 frá 30. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 747/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 119, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 20.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.